

Umboðsmaður Alþingis
Hr. Tryggvi Gunnarsson
Álftamýri 7
150 Reykjavík

Eyrarbakka 4. janúar 2012

Efni: frumkvæðisathugun á gjaldskrá þóknunar til fanga.

Undirrituðum hefur borist bréf yðar dags. 20. desember 2011 þar sem þér gefið stjórn Afstöðu – félags fanga kost á að senda yður athugasemdir af tilefni frumkvæðisathugunar yðar er varðar gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu og nám og upphæð dagpeninga fanga. Fylgdi með í viðhengi svar fangelsismálastjóra dags. 5. desember 2011 við erindi yðar til stofnunarinnar dags. 15. nóvember 2011.

Þá barst undirrituðum 28. nóvember 2011 afrit bréfaskipta yðar við fangelsismálastofnun af sama tilefni, en er þar um að ræða bréf yðar dags. 13. október 2011 og eftirfylgnibréf dags. 15. nóvember 2011. Á fundi undirr. og annars stjórnarmanns Afstöðu með fangelsismálastjóra og tveimur fulltrúum hans hinn 6. desember 2011 var efni bréfa yðar tekið til umfjöllunar að frumkvæði talsmanna fanga.


Á fundinum kom fram að fangelsisýfirvöld hefðu af þessu tilefni látið fara fram verðkönnun í verslun fangelsisins á Litla-Hrauni. Það kemur því stjórn Afstöðu verulega á óvart að ekki skuli liggja fyrir yfirlit um verðlagsþróun í versluninni, né yfirlit yfir tíu mest seldu vörurnar á tímabilinu. Þá kom fram á fundinum að við upphaflega ákvörðun á upphæð þóknunar til matarkaupa hefði verið stuðst við neysluviðmið Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, nú umboðsmanns skuldara.

Þóknun til matarkaupa

Árið 2008 voru tekin í notkun eldhús á öllum fimm göngum s.k. húss fjögur á Litla-Hrauni. Hafði þá um árs bil verið eldað til reynslu á gangi 3A í sama húsi, þó þar hafi fyrst og fremst verið um að ræða eldun á heitum mat. Fyrirmyndin var sótt til Norðurlandanna og upphafleg fjárhæð til matarkaupa um kr. 7.000 miðuð við matarpeninga í sænskum fangelsum. Gengið hafði þó verið

umreiknað beint, en ekki tekið tillit til þess að verðlag á Íslandi var miklu hærra en í Svíþjóð. Fjárhæðinni var því fljótlega breytt í kr. 9.100 á viku, eða kr. 1.300 á dag, og var sú krónutala þegar tilraunin var yfirfærð á alla ganga húss fjögur á Litla-Hrauni árið 2008.

Sú upphæð hefur staðið óbreytt síðan þá þó verðlag almennt hafi hækkað umtalsvert frá þeim tíma. Sé eingöngu horft til þróunar á vísitölum Hagstofu Íslands, en ekki þróunar verðlags í versluninni, hefði þessi upphæð í nóvember 2011 átt að vera rúmar kr. 1.763 á dag m.v. neysluvísitölu, en kr. 1.625 á dag m.v. launavísitölu.




Að upphæðin hafi „á umræddu tímabili verið hækkuð um 30%“, eins og kemur fram í svari fangelsismálastjóra til yðar skýrist eingöngu af þeirri hækkun er varð þegar sjálfstæð eldamennska var tekin upp árið 2008 og hætt var að útvega fæði milli heitra máltíða. Hið rétta er því að engin hækkun hefur orðið á þóknun til matarkaupa síðan eldhús voru tekin í notkun á öllum fimm göngum húss fjögur á Litla-Hrauni.

Auk matarkaupa þurfa þeir einstaklingar sem matreiða sjálfir að kaupa allt sem matreiðslunni fylgir þ.m.t. álpappír, bökunarpappír, olíur og krydd auk pappírspurrkklúta, plastfilma og poka til geymslu á matvælum. Fangelsið útvegar þó borðbúnað, potta og eldunaráhöld.

Dagpeningar

Dagpeningar til fanga eru kr. 630 á dag og hafa staðið í stað frá upphafi árs 2006, meðan vísitölur hafa hækkað um tæp 55%. Rétt er að geta þess að dagpeningar eru ekki greiddir fyrir helgar- né heldur helgidaga, þó rök standi til þess.

Sé horft til þróunar á vísitölum Hagstofu Íslands hefði þessi upphæð í nóvember 2011 átt að vera rúmar kr. 970 á dag m.v. neysluvísitölu, en tæpar kr. 929 á dag m.v. launavísitölu.



Í bréfi fangelsismálastjóra til umboðsmanns Alþingis, dags. 5. desember 2011, er fullyrt að þóknun til fanga dugi fyrir brýnustu nauðsynjun, og segir þar: „Til brýnustu nauðsynja sem ekki eru greiddar af fangelsisyrfirvöldum teljast persónulegar hreinlætisvörur s.s. tannkrem, hársapa og rakvörur. Allt annað er greitt af fangelsisyrfirvöldum.“ Þetta er þó ekki alls kostar rétt.

Í fyrsta lagi ber að líta til heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir aðgang fanga að almennum heimilislækni á vegum fangelsisins, þá þurfa fangar sjálfir að greiða fyrir alla aðra lækniþjónustu, s.s. vegna sérfræðinga. Að sama skapi þurfa fangar sjálfir að greiða fyrir alla tannlæknaþjónustu, en áður var það svo að yfirvöld greiddu slíkan kostnað upp að ákveðnu marki. Þurfi fangi á gleraugum að halda þarf hann einnig að standa sjálfur straum af kostnaði við slíkt þó hægt sé að sækja um styrk frá fangelsisyrfirvöldum vegna hluta kaupverðs, þó að hámarki kr. 9.000.

Í öðru lagi eru útgjöld vegna heimsóknna. Til að hlífa börnum við að koma til heimsóknna í fangelsi er hægt að leigja aðstöðu af gistiheimili í nágrenni fangelsisins. Þessi kostnaður var upphaflega greiddur af yfirvöldum, en nú hefur þeim kostnaði verið velt yfir á fanga.

Í þriðja lagi er það svo að allir fangar öðlast dagsleyfi og þurfa þá að koma sér til og frá fangelsi á eigin kostnað. Þá er ljóst að fjárútlát við að gera sér glaðan dag með barni sínu í slíku leyfi eru tölverð. Ýmsan annan kostnað mætti telja til, sem fylgir því einfaldlega að vera manneskja í samfélagi, eins og viðurkennt er af umboðsmanni skuldara.

Í bréfi fangelsismálastjóra til umboðsmanns Alþingis, dags. 5. desember 2011, segir: „Lægsta mögulega upphæð sem fangi fær samkvæmt gjaldskránni er kr. 13.230 kr. á mánuði, þ.e. ef fangi vinnur hvorki né stundar nám heldur þiggur dagpeninga.“ Þessi fullyrðing er ekki með öllu sönn.


Í fyrsta lagi hefur fangelsið heimild til að skerða þessa dagpeninga að hálfu ef fangi verður uppvís að agabroti. Agabrot getur t.d. falist í því að fylgja ekki fyrirmælum starfsmanna fangelsisins, í víðum skilningi þess hugtaks. Fangelsisyfirvöld beita þessari skerðingarheimild og því ljóst að ofangreindri lágmarksupphæð til brýnustu nauðsynja er ekki lengur náð.

Í öðru lagi er fanga skylt að gefa sig fram við aðalverkstjóra á tímabilinu 8:45-9:00 svo dagpeningar til hans séu yfir höfuð greiddir. Hér kann að virðast um léttvæga og sanngjarna skilyrðingu að ræða, en reyndin er engu að síður sú að fjölmargar ástæður mæla gegn því hjá fjölda fanga að þetta skilyrði sé uppfyllt. Í sumum tilfellum er um að ræða geðræn vandamál, s.s. þunglyndi, svefntruflanir eða aðrar slíkar orsakir sem stuðla að því að viðkomandi mætir ekki til aðalverkstjóra á tilteknum tíma. Einnig geta erjur milli tiltekinna fanga stuðlað að því að menn sjá sér illa fært að mæta deiluaðilum sínum við ofangreinda skráningu hjá aðalverkstjóra. Þá er ákveðinn flokkur brotamanna sem veigrar sér við því að mæta til svo almennrar skráningar, þar sem þeir telja sig mæta áreitni frá samföngum sínum. Hvort allt framantalið telst vera hugrænt ástand viðkomandi aðila, breytir ekki því að ýmsir sjá sér ekki fært að mæta til áður nefndrar morgunskráningar. Það er því ljóst að raunveruleg lægsta upphæð sem fangi fær greitt til brýnustu nauðsynja er ekki kr. 13.230,- á mánuði eins og fangelsismálastjóri heldur fram, heldur er þar um að ræða kr. 0,- eins og gögnin bera með sér (sjá viðhengi).


Þóknun fyrir vinnu og nám

Þóknun fyrir nám er í dag kr. 380 á klst og hefur haldist óbreytt síðan 1. janúar 2006. Hefði þóknunin hækkað í samræmi við vísitölur Hagstofu Íslands hefði hún samkvæmt því í nóvember 2011 átt að vera rúmar kr. 585 á klst m.v. neysluvísitölu, en rúmar kr. 560 á klst sé m.v. launavísitölu.

Þóknun fyrir nám var með tilkynningu í september 2011 takmörkuð af forstöðumanni fangelsanna á Litla-Hrauni og Bitru við hámark 20 tíma á viku (sjá viðhengi). Þegar greidd er þóknun fyrir nám, falla dagpeningagreiðslur niður, þ.e. ekki eru greiddir dagpeningar að auki. Hámarksgreiðsla til einstaklinga sem eru í námi er því kr. 7.600,- á viku.



Þóknun fyrir almenna vinnu er í dag kr. 335 klst og hefur haldist óbreytt síðan 1. janúar 2006. Ef þóknunin hefði hækkað í samræmi við vísitölur Hagstofu Íslands hefði hún í nóvember 2011 átt að vera tæpar kr. 516 á klst m.v. neysluvísitölu, en tæpar kr. 494 á klst m.v. launavísitölu.



Skv. tilkynningu forstöðumanns Litla-Hrauns og Bitru frá september 2011 (sjá viðhengi) var ákveðið að hámark 26 tímar yrðu greiddar fyrir fulla vinnu. Ekki yrði greitt fyrir vinnu umfram það. Á sama tíma voru lækkuð laun fyrir deildarformennsku og sambærileg störf, frá því að vera greiddir 21 tími á viku í 14 greidda tíma. Ekki var tilkynnt sérstaklega um þessa lækkun. Deildarformenn fá því í dag greiddar kr. 4.690 á viku, en fengu áður greiddar kr. 7.035 á viku.

Samantekt

Eins og þér hafið bent á hefur gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu og nám, upphæð dagpeninga fanga og greiðslufyrirkomulag ekki verið birt í Stjórnartíðindum eins og lög kveða á um. Þá hefur þóknun til fanga vegna matarkaupa ekki neina stoð í lögum. Fagnar stjórn Afstöðu því að umboðsmaður Alþingis skuli taka mál þetta upp að eigin frumkvæði, en harmar jafnframt að fangelsismálastjóri telji sér ekki skylt að upplýsa yður um þróun verðlags, þó stjórn Afstöðu hafi verið skýrt frá því að slík vinna hafi sérstaklega farið af stað að yðar ósk.

Þrátt fyrir að svo kallað „pakkafyrirkomulag“ refsinga hafi verið gagnrýnt af umboðsmanni Alþingis í álit nr. 2805/1999 er regla fremur en undantekning að þóknun, hvort sem er fyrir nám eða vinnu, ellegar upphæð dagpeninga, séu skert þegar agaviðurlaga „pakki“ er ákveðinn. Þá er ljóst að endurskoðun á gjaldskrá þóknunar fyrir vinnu og nám hefur ekki farið fram, eða slík endurskoðun a.m.k. ekki verið birt, þó kveðið sé á um slíkt í lögum.

Þá eru ýmsar ástæður sem hamlar því að fangar beri sig eftir dagpeningum, eins og nefnt hefur verið að framan. Það eru því ýmsir sem engar, eða skertar, greiðslur fá til framfærslu. Margir þessara einstaklinga hafa hingað til þegið dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, en með bréfi dags. 26. maí 2011 var öryrkjum í hópi fanga tilkynnt um að greiðslur tryggingastofnunar til þeirra yrðu felldar niður.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Afstöðu – félags fanga,

Árni Hrafn Ásbjörnsson, formaður